

RÚV og kynjajafnréttið 15. okt. 2016

Það er alkunna, að RÚV hafi sérstakt menningarhlutverk með höndum. Stofnunin rækir það til að mynda með birtingu auglýsinga. Ég sat í værukæra vini mínum kvöld eitt í vikunni, þegar á skjánum birtist fjöldi ungmenna af báðum kynjum, sem hófu upp lestur alls konar svívirðinga. Þau beindu óþverranum að ungri, sætri stúlku, sem maulaði popp. Sessunauturinn var greinilega vinkona. Í fúkyrðaflaumnum heyrðist allt í einu hvísl: "Þú ert yndisleg." Þar var ungur herra á ferð. Í þann mund, að mér var að verða ómótt, þagnaði þessi ógeðfelldi kór og nýr boðskapur frá áróðursfyrirtæki Sameinuðu þjóðanna var borinn á borð, vitanlega á engilsaxnesku: "Heforshe," sem væntanlega útleggst nokkurn veginn: "Karlur skulu styðja konur." (Karlur hafa reyndar verið tamdir til þess af mæðrum sínum um aldir, þ.e. að vernda kvenpeninginn.) Stúlkukindin, fórnarlambið, í auglýsingunni hvorki æmti né skræmti. Ei heldur vinkonan. Hvorug tók til andmæla eða barðist á móti. Boðskapurinn hlýtur því að vera, að karlmenn skuli steðja að til hjálpar konum í nauð, þegar þær hrekjast undan ofbeldi kynsystra og -bræðra. Þær skulu ekki bera hönd yfir höfuð sér. Áróðursmaskína SP heldur hér á lofti alþekktum fordómum um konur og karla. Þetta er býsna skondið í ljósi þess, að í heimskusmiðju téðrar stofnunar er gert ráð fyrir því, að í eðli hvers karlmanns búi þörf fyrir að niðurlægja konur og nauðga þeim.